

Í íslenskri, danskri, norskri, sænskri og finnskri útgáfu

Höfundarréttur í sviðslistum



Um höfundarrétt sviðslistafólks

Í stuttu máli: sjá opnu

Gefið út með stuðningi:



norden

Nordisk Kulturfond




BIKUBENFONDEN

Efnisyfirlit

Höfundarréttarlögin afhjúpuð	2
Er hægt að ramma inn list?	4
Höfundarréttur - grunnregla menningarinnar	6
Hámarks- og lágmarksvernd, grannréttindi	10
Tónlist og leiklist	12
Hvernig höfundarréttur stofnast	14
Framsal höfundarréttar til annarra	16
Höfundarréttur í þremur þáttum	(ÚTDRÁTTUR)
Sæmdarréttur - droit moral	18
Höfundarheiður	20
Verndun verksins	22
Fjárhagslegur réttur	24
Rauð ljós - refsingar	26
Tilvitnunarréttur	28
Höfundarréttur og Copyright	30
Orðskýringar	32
Tenglar og lesefni	33

„Síðasta orð skáldsins er fyrsta orðið í leikhúsinu”.
Evripides (480-406 f.Kr.)



Hið vesæla skáld (frjálst eftir verki **Carl Spitzweg** 1808-85)



Höfundarréttarlögin afhjúpuð

Allar athafnir okkar í borgaralegu samfélagi eru lögfræðilega skilgreindar. Í umferðinni gilda umferðalögin, í vinnunni gildir vinnulöggjöfin, á heimilinu er það fjölskyldulöggjöfin og jafnvel frummannleg hegðun á borð við leiklist er háð lögum og fjármálum.


Íslensk lög um höfundarrétt eru 18 A4 blaðsíður og skiptast í 65 greinar í átta köflum. Þrátt fyrir að vega ekki þungt í samanburði við aðra lagabálka, er mikilvægið fyrir lista- og menningarlífið ótvírætt þar sem það tekur til svo ólíkra listgreina sem leiklistar, tónlistar, kvikmynda, bókmennta, myndlistar, ljósmyndunar, höggmyndlistar, byggingarlistar, vísinda og nytjalistar.

Löggjóf á sviði höfundarréttar heyrir undir Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Með danski tilskipun um bann við eftirprentun rita sem birt var í samningsríkjum Dana árið 1828 er talið að fyrsta eiginlega vernd með höfundarréttarlöggjöf hafi myndast hér á landi en með tilskipun um eftirprentun ljósmynda o.fl. sem birt var hér á landi 1869 skapaðist fyrsta eiginlega höfundarlöggjöfin. Í kjölfar **Bernarsáttmálans** 1886 sem Danir fullgiltu og fylgdu eftir með gagngerri breytingu á höfundarréttarlögunum 1902 voru fyrstu íslensku höfundarlögin samþykkt á Alþingi 1905 og voru í gildi hér á landi með síðari breytingum þar til núgildandi höfundarréttarlög tóku gildi 1972 með síðari breytingum. Íslendingar fullgiltu Bernarsáttmálann 1947.

Höfundarrétturinn er hluti stærri greinar lögfræðinnar sem kallast fjármunaréttur en undir hann heyrir eignaréttur sem greinist í hugverka- og auðkennarétt sem er samheiti fyrir einkaleyfisrétt, vörumerkjarétt, hönnunarétt, netsíðunafnrétt og að sjálfsögðu höfundarétt.

Hugverkaréttur er á ensku kallaður Intellectual Property Rights sem á íslensku er kallaður hugverkaréttur því hugtakið eignarréttur í þessu samhengi getur verið misvísandi þar sem eign í höfundaréttarlegu samhengi á ekki við hlut heldur eiginleika eða þekkingu, þar sem hugtakið hugverkaréttur er notað sem fagheiti.



Lönd sem hafa fullgilt **Bernarsáttmálann** frá 1886.



Greinar hugverkaréttarins

Er hægt að ramma inn list?

Málverk að sjálfsögðu en spurningin á líka fullan rétt á sér hvað varðar lögfræðilega umfjöllun listgreinanna.

List er engu háð, ekki síst borgaralegu regluverki, en felur ekki hinn andlegi veruleiki listarinnar í sér þá nauðsynlegu forsendu að hugtakið menning sé til staðar, með formlegum pólitískum afskiptum og þannig skapast verndandi eða takmarkandi umgjörð um listina.

Deilur undanfarinna ára um auðveldan aðgang tölvunotenda að tónlist, kvikmyndum, leikjum og bókmenntum, vekja spurningar um höfundarrétt þar sem lögsóknir af hálfu afpreyingariðnaðarins byggja á þröngum skilyrðum höfundaréttar og er oft beint gegn ungum tölvunotendum.

Leikhúsheimurinn og lögfræðilegt umhverfi hans hafa ekki gengið í gegnum samsvarandi tæknilegar breytingar í þúsunda ára langri sögu sinni, en engu að síður hefur á stundum verið tekist á um hvernig sameina megja hugmyndir um fullkomið listrænt frelsi í túlkun og flutningi og höfundarrétt en kannski kemur á óvart hversu nátengd þessi hugtök eru.

Upphaf og sögu höfundaréttar höfum við sem leikhúsfólk áhuga á að fræðast um þar sem söguleg tengsl höfundarréttar við leiklistina geta gefið innsýn í sameiginlega forsendu þeirra, bæði fyrir almenning og listamenn með því að sýna fram á efnisleg rök og andlega tilveru.

Til að gera hin lögfræðilegu hugtök skiljanlegri eru á vinstri síðum þessa bæklinga skýringar á inntaki höfundarréttarinnar en á hægri síðunum eru gefin skýr dæmi eða tilvísanir í beina notkun lögfræðinnar innan leiklistarinnar.

Til að fyrirbyggja allan misskilning þá er ávallt átt við bæði kynin þó orðin listamaður og höfundarrétthafi séu notuð í karlkyni.

Gríska orðið *θεάομαι* - *theatron* þýðir að horfa á eða virða fyrir sér en var síðar notað um svæðið þar sem áhorfendur sitja.

Leiklistin er sögð eiga upphaf sitt meðal Forn-Grikkja (í Egyptalandi 200 f.Kr. hafa fundist minjar um trúarlegar leiksýningar; í Indlandi og Kína frá 1000 f.Kr.) í tengslum við uppskerutímann, þar sem bændur röktu sagnir og goðsögur á táknrænan hátt til að heiðra frjósemisguðinn Dionísos, er seinna þróaðist í dans og kórsöng. Á 6. öld f.Kr., urðu til eiginlegar leiksýningar með skáldinu Þespis, sem kemur fram sem leikari með setningar á móti kór. Síðar var notast við grímur, kómískar og tragískar eða hvoru tveggja til að túlka tilfinningar og hlutverk persónanna.



Höfundarréttur: Á dönsku ophavsrett sem komið er úr fornorrænu upphaf/ophav og merkir að sá er höfundur er skapaði það í upphafi. Höfundaréttur felur í sér að höfundur á eignarrétt yfir verki sínu og notkun þess.

Höfundarréttur er festur í lög til að tryggja persónulegan rétt höfundar til ráðstöfunar yfir hugverki sínu og að njóta fjárhagslegs ábata af birtingu þess. Höfundarétti er ætlað að tryggja rétt höfundarins gegn því að verk hans verði fjölfaldað og birt opinberlega án hans samþykkis, auk þess sem hann á rétt á þóknun fyrir verkið eða sýningu þess.

Höfundarréttur – grundvallarregla menningarinnar

Hugverkarétturinn fylgir höfundarréttinum ætíð sem skugginn enda lykill skilnings að eðli höfundarréttarins. Verndun hugsunarinnar að baki hinni hlutlægu birtingarmynd hennar, þ.e.a.s. innihald bókarinnar sem birtist í formi orða og/eða nótna á blaðsíðunum er kjarni þeirra verndar sem höfundarrétturinn veitir höfundinum.

Í vestrænum skilningi er að finna rætur frumstæðs höfundarréttar í leiklist í Grikklandi og Rómarríki til forna þar sem mótuðust óskráðar siðareglur um bein tengsl leikrits við hinn upprunalega höfund sinn.


Höggmyndalistamenn sem og ljóðskáld settu nöfn sín við verk sín þegar á 4. öld f.Kr., og þessi persónulegu tengsl staðfesta upphaf sæmdarréttartengsla milli höfundar og verks hans, sem eyðir nafnleysi en er ekki endilega krafa um viðurkenningu heldur fremur að höfundurinn tekur ábyrgð á hugmyndum sínum og útfærslu þeirra.

Að meta verk til fjár eða greiða fyrir sköpun þess var nánast talið æru-meiddandi og ósiðlegt og greiðslan skyldi því vera í formi heiðurslauna oftast frá efnuðum listunnendum, aðalsmönnum eða æðstu stjórnendum, enda merkir hugtakið *honorarium* sem lengi hefur verið alþjóðlegt heiti á þóknun til listamanna, upphaflega heiðursgjöf. Slík heiðursgjöf táknaði viðurkenningu og taldist ekki eiginleg laun.

Í Grikklandi, Egyptalandi og á Indlandi til forna tíðkaðist að höfundur skilaði handriti sínu að harmleik í opinbert bókasafn, hugsanlega sem viðmið fyrir höfunda framtíðar, en einnig til að tryggja að seinni uppfærslur væru trúar frumtextanum.

Rómverski arkitektinn **Vitruvius** (1.öld f.Kr) nefnir í verki sínu um bygg-
ingarlist *De Architectura*, að gríska skáldinu **Aristofan frá Býzan-
tíu** (257-180 f.Kr.) hafi í ljóðasamkeppni í Alexandríu á Egypta-
landi verið falið að benda á þau ljóðskáld sem hermdu eftir verkum
skáldbræðra sinna og þau hafi í kjölfarið verið ákærð fyrir ritstuld og
dæmd til háðulegrar refsingar.

Rómverska skáldið **Martial** (1.öld e.Kr) notar orðið *furs*, þjófnaður, um
þá einstaklinga sem eigna sér án heimildar ljóð hans og orðið *plagi-
arius* (skylt gríska orðinu *plagios* sem þýðir skakkur/rangur eða latneska
orðið *plaga*, rænt) sem notað er um barnsrán. Hugtakið *plagiat* mótast
og fær merkingu í höfundarréttarlegu tilliti sem alvarleg glæpsamleg
yfirsjón og í yfirfærðri merkingu táknað það rán á hugarfóstri/barni höf-
undarins sem er árás á hið nána og persónulega samband hans við
hugverk sitt.



Í hinum sænsku **Vestgotalögum** frá
1220 er sagt að *Heiðra beri þann
sem heiður ber sem er ekki beinlínis
tengt höfundarétti en gefur vísbendingu
um hvernig sæmdarréttarhugtakið er
persónugert.*

Meðal menningarþjóða við Miðjarðarhafið þróuðu ritarar með sér afritunaraðferðir á fyrri öldum og síðar fundu Kínverjar upp afritunaraðferð með prenttækni í kringum árið 800. Þetta skapaði þörf á verndun afritanna ekki síður en frumritanna.

Árið 1456 **gaf Johann Gutenberg** (1400-68) út fyrstu prentuðu biblíuna og samhliða því að prentverk rísa víða um Evrópu margfaldast útgáfa á óleyfilegum útgáfum bóka sem einnig voru umskrifaðar á úmsan máta. Til að hindra slíkar sjóræningjaútgáfur voru víða gefin út einkaleyfi til prentunar, fyrst í borgríkinu Feneyjum 1469, aðallega til að stjóra því hvað mátti gefa út en einnig sem lagaleg vernd fyrir útgefendur og bókaútgáfur þeirra, en aðeins óbeint til verndar höfundum textanna sjálfra.

Hin áðurnefnda danska tilskipun frá 7. janúar 1741 veitir bæði útgefanda og höfundi heimild til að banna eftirprentun af áður útgefnu verki, svo framarlega sem höfundurinn er á lífi en upplestur og sviðsetning er leyfileg. Með lögum um endurprentun frá 29. desember 1857 er ráðin bót á þessari tilhögun og taka þau einnig til verndunar tónverka. Verndunartíminn er nú 30 eftir andlát höfundarins.

Franska leikskáldið **Pierre de Beaumarchais** kallar saman 21 höfund eftir að leikrit hans *Rakarinn í Sevilla* slær í gegn, í þeim tilgangi að sporna gegn óleyfilegum sviðsetningum verka þeirra, þar sem bæði er farið frjálsum höndum um efniviðinn og engar greiðslur koma fyrir notkunina. Þeir stofna fyrsta leikskáldafélagið en hlutverk þess er að gæta almennra hagsmuna félagsmanna. Árið 1791 eru staðfest lög í Frakklandi sem viðurkenna að handritið er grundvallarform höfundaréttarins, það er ávöxtur huglægrar sköpunar hans; huglægur réttur sem líta ber á sem framlag, gjöf til almennings í huglægu formi. Það er tengingin á milli gefandans, höfundarins, og almennings sem eru bræður í andanum í hinni listrænu upplifun sem vernda skal.

Með Höfundarlögum nr. 73/1972 var **sæmdarréttur droit moral** íslenskra höfunda festur í sessi.

Rómverska skáldið **Virgill** (70-19 e.Kr) kvartar á skýran hátt þegar hann skrifar; „*Hvers vegna fær útgefandinn gull og græna skóga þegar ég uppsker einungis fátækt og heiður?*” og lýsir þar vaxandi tilhneigingu samtímans til að vernda útgefandann meira og betur en höfundinn.

Í riti frá **Sungtímabilinu** kínverska (960-1279) er skráð athugasemd um skráningu þess hjá yfirvöldum með tilvísun í bann við eftirprentun.

Enski heimspekingurinn **John Locke** (1632-1704) ryður brautina fyrir nýjan hugsangang um höfundarétt þegar hann ritar: „*Grunnurinn að réttinum er vinnan sem höfundurinn lagði í sköpun verks síns.*” (úr *Two Treatises on Civil Government* 1690)

Þýski heimspekingurinn **Immanuel Kant** (1724-1804) ritaði: „*Taugina sem tengir skaparann við verk sitt ber að skilja sem hluta af innsta og djúpsta persónuleika höfundarins.*”

Annar þýskur heimspekingur **Georg Hegel** (1770-1831) lýsti þeirri skoðun: „*að það er birting vilja höfundarins, hvers ávextir ákvarða verkið, sem eiga að skapa réttinn til verndunar.*”

Sæmdarrétturinn er heiðursréttur höfundarins:

„Óheimilt er að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni.”

(Höfundalög 4.gr. 2. mgr)

Beaumarchais (1732-1799)



Hámarks- og lágmarksvernd, grannréttindi

Skilyrði um höfundarvernd einstakra verka tiltaka ávallt leiksviðsflutning en flutningsréttindi á tónlist og texta geta einnig borið með sér ólík skilyrði allt eftir notkun þeirra í leikrænu samhengi.

Réttindi hins skapandi höfundar, frumhöfundar, eru hinn eiginlegi höfundarréttur en listflytjendur njóta einnig höfundarverndar á flutningi sínum (grannréttindi) og höfundarréttur að leiksýningu getur verið margskiptur sem sækja þarf um leyfi fyrir hvern fyrir sig.

Mikilvægast er að vita að sækja þarf um leyfi hjá höfundi, höfundar-rétthafa eða fulltrúa hans (yfirleitt umboðsskrifstofa, stéttarfélag, erfingjar) til hvers konar notkunar á **höfundarvernduðu efni** (70 ár eftir andlát höfundar) án tillits til markmiðs með notkuninni. Með þessu er átt við að sækja þarf um flutningsrétt hvort sem ætlunin er að færa í leikbúning eða þýða skáldsögu til sviðssetningar, eða framleiða fyrir flutning í útvarpi, sjónvarp, kvikmynd, net. Hið sama á við ef nota á tilbúna leikgerð af skáldsögu, ljóði eða kvikmyndahandriti; ávallt skal sækja um leyfi hjá réttum aðila, annars má búast við lögsókn eða lögbanni á flutning eða sýningu hvort sem áhugamenn eða atvinnumenn eiga í hlut og hvort sem framkvæmt var í góðri trú eða ekki.

Þar að auki er nauðsynlegt að sækja um leyfi fyrir flutningi af útdrætti af höfundarvernduðu verki og ekki víst að hægt að sé að bera fyrir sig *tilvitnunarrétt*, (bls. 28) þó um brot úr verki sé að ræða. Þá geta titlar og nöfn verið vernduð sem vörumerki, netsvæðisnöfn verið bundin einkaleyfi, sem einfaldlega þýðir að ekki má nota þau. Það er því ávallt gagnlegt að kanna réttindastöðu verks í upphafi.

Tónlist og texti í leikverki geta fallið undir hámarks- eða lágmarksvernd allt eftir því hvernig notkun þeirra er háttað innan viðkomandi verks.

Vernduð verk geta notið ólíkra og mismunandi réttinda:

Höfundarréttur: eignarréttur höfundarins á handriti, nótum, þýðingu, aðlögun, útsetningum.

Réttur listflytjenda: Höfundarréttur leikara, tónlistarfólks, dansara, danshöfundar á skapandi túlkun sinni.

Heildarréttindi: nær yfir allan höfundarrétt og þar með talinn sæmdarrétt (innifelur að fá verður leyfi höfundarrétthafa) og fjárhagslegan rétt, ef um aðlögun, sviðsetningu á leiksýningu með tónlist, handriti/libretto, döns-um. Réttindin standa ekki í forgangsrið heldur eru þau jafngild. Söngleikir, óperur, óperettur, ballett og revíusýningar tilheyra þessum flokki.

Minniháttar réttindi: eru hrein fjárhagsleg réttindi af flutningi sem flest í tónleikum, sýningum o.þ.h. þar sem ekki er um leikræna aðlögun eða sviðsetningu að ræða og eru yfirleitt í umsjá umboðsaðila. Minniháttar réttindi geta hækkað upp í heildarréttindi og mörkin þar á milli eru oft á tíðum hreyfanleg.

Grannréttindi: eru réttur þeirra listamanna sem koma að flutningi á verki höfundarins. Auk listamanna geta framleiðendur kvikmynda- og sjónvarpsefnis, hljómdiska ásamt útvarpsstöðvum verið handhafar grannréttinda. Verndartími grannréttinda er 50 ár (ekki 70 ár eins og höfundarréttarins) eftir fyrsta flutning, sýningu, upptöku eða útsendingu.

Tónlistarréttur; hér skilur á milli á höfundaréttar tónskáldsins og grannréttinda flytjandans.

Tæknileg réttindi: felast í einkarétti höfundar, tónskálds og útgefanda til gefa út texta og tónlist á LP, CD, DVD, segulbandi, filmu og myndbandi.

Dæmin hér að ofan eru ekki tæmandi en taka til aðalatriða.

Tónlist og leiklist


Í Grikklandi til forna sömdu **Æskylos** (526-456 f.Kr), **Sófókles** (495-406 f.Kr) og **Evripídes** (480-406) sjálfir tónlist við harmleiki sína og hvort sem maður ætlar sjálfur að setja upp fullsaminn söngleik, eða sviðsetja leikrit og sjá sjálfur um tónlistina eða nýta laglínur annarra eða hafa tónlist í bakgrunni leiksýningar, er nauðsynlegt að ganga úr skugga um að það sé í samræmi við skilning höfundarins, auk þess að afla tilskilinna réttinda til að nota tónlistina, og á það einnig við um tónlist af hljómdiskum.

Söngleikir, sem yfirleitt einkennast af því að vera þaulsamdir með eða án samtala, eru yfirleitt meðhöndlaðir í réttindasölu í einu lagi hvað varðar tónlist og texta/söngtexta hvort sem höfundurinn er einn eða textahöfundur og tónskáld hafa samið verið í félagi. Verður að ganga úr skugga um að allir höfundarréttshafar hafi gefið leyfi sitt fyrir uppsetningu og fái greiðslu fyrir. Útsetningar og nótnahefti fyrir hljómsveit þarf í mörgum tilvikum að leigja sérstaklega fyrir hverja uppsetningu.

Tónlistardrama er leikverk með tónlist sem er samin sérstaklega til að falla að samtölum verksins og er samið bæði af leikskáldi og tónskáldi, en þó getur líka verið um að ræða áður samda tónlist sem þarf þá að sækja um flutningsrétt fyrir hverja uppsetningu. Rétt er að benda á að í sumum söngleikjum/tónlistardramaverkum er gerð krafa um að nýta hina sérlega sömdu tónlist án þess að gefinn sé möguleiki á að breyta tónlistinni eða semja nýja. Jafnvel þegar sá möguleiki er fyrir hendi má búast við kröfu um – auk þess að allt upprunalegt efni sé viðurkennt – að höfundur upprunalegu tónlistarinnar fá fulla greiðslu fyrir, þó tónlist hans sé ekki notuð.

Bakgrunnstónlist eða hljóðmynd í leiksýningum er ekki að skapi allra leikskálda þó notkun þessa sé útbreidd. Í slíkum tilfellum er ekki hægt að beita hljóðmynd/hljóðhönnun en að sniðganga slík skilyrði getur jafngilt samningsrofi og í ítrustu tilfellum að lagt sé bann við sýningum.

Leikhústónleikar. Staðsetningar hljóðfæraleikara á sviði og þátttaka þeirra í leikrænni sviðsetningu getur myndað höfundarétt sem verður að meta í hverju tilfelli fyrir sig.



Hámarks- og lágmarksréttindi

Hvernig höfundarréttur stofnast

Vernd hugmynda s.s. hugsana og tjáningarforma verður til við sköpun verks og er ekki háð kröfum (ólíkt skráningu einkaleyfa) um skráningu hjá yfirvöldum dómsmála eða menningarmála, fyrir dómstóli eða hjá lögfræðingi.


Þess í stað er hægt að snúa sér til skrifstofu sýslumanns og lögskrá skjal sem inniheldur verkið, til að setja á það opinbera dagsetningu. Þetta formsatriði felur þó ekki í sér að verkið fái sjálfkrafa viðurkenningu sem upprunalegt. Einnig er mögulegt að fela lögfræðingi að útbúa yfirlýsingu til leyndarvarðveislu áður en höfundur kynnir hugmynd, útdrátt, texta eða nótur til notkunar fyrir þriðja aðila til að tryggja trúnað við grunnhugmyndina að væntanlegri sýningu.

Engin skilyrði um lengd texta eða listræn gæði þarf til að höfundarréttur stofnist, svo uppkast að handriti, útdráttur, eða munnleg lýsing í formi fyrirlesturs eða ræðu nægir til að fullnægja skilyrðum lögverndaðs höfundaréttar. Hið sama á við um danshugmyndir eða sambærilegar svokallaðar orðlausar hreyfingar; eina skilyrðið er að verkið sé með einhverjum hætti orðið skynjunarhæft fyrir annan en höfundinn sjálfan, sem felur í sér ákveðið sjálfstæði verksins ásamt staðfestingu á huglægri sköpun höfundarins sem gefur til kynna innra gildi þess og sérstöðu.

Margir nota copyright táknið © (bls.30) sem hefur reyndar aðeins sálfræðilegt gildi því lagalega gildir það ekki utan Bandaríkjanna. Höfundarréttarleg staða verksins krefst ekki neinnar formlegrar staðfestingar á tilveru sinni.

Tvö sams konar verk geta í rauninni fengið lögvernd undir höfundarlögum þó að slíkir tvífarar í listinni séu sannarlega sjaldgæfir og sjaldan nákvæmlega eins. En næstum því alveg eins verk geta auðveldlega bæði verið vernduð af höfundarétti, ef höfundar þeirra hafa skapað þau án vitundar um hitt, enda gilda engar forgangsreglur í höfundarrétti.

"Frumleiki er yfirleitt ekki annað en óuppgötvaður ritstuldur,"
samkvæmt franska heimspekingnum **Voltaire** (1694-1778)



Listamenn eru oft sagðir frumlegir í háttum en eru verkin þeirra það líka?

Þegar meta skal *gildi* verks sem ákveðið er í meðförum dómstóla frá einu máli til annars, er gæðaviðmiðið ekki bundið því hvort verkið telst góð eða slæmt list, sem er huglægt mat, heldur er litið til *frumleika*, *ný-næmis* og *eiginleika* sköpunarinnar. Orðið verk felur í sér fyrirheit um innihald og/eða listræna niðurstöðu sem undirstrikar sérstöðu þess. Verk án sjálfstæðis eða frumleika sem fellur ekki undir skilyrði höfundarréttar er almannaeign.

Áður fyrr var stundum sagt að verk þyrfti að vera *einstakt* og að viðbættu *gildi* getur merkingin falið í sér magnviðmiðið fremur en gæðaviðmiðið og beinst að innra virði, umfangi og markmiði, en ekkert af þessu skiptir í rauninni máli í hlutlægu gildismati á listaverki.

Frumleikahugtakið er kjarni höfundarréttarins, þegar leitast er við að viðurkenna mannlega sköpun, sem greinir sig frá annarri og verðskuldar þar með höfundarréttarvernd, af menningarlegum og listrænum ástæðum og í fjárhagslegu tilliti.

Framsal höfundarréttar til annarra

Höfundar sem og listflytjendur fara ekki ætíð sjálfir með höfundaréttarmál sín gagnvart framleiðendum eða leikhúsum sem vilja nýta verkin til framleiðslu eða uppsetninga. Höfundarrétthafi getur framselt réttindi sín eða veitt umboð til þriðja aðila s.s. forlags, samtaka listamanna, eða umboðsskrifstofu sem sér um miðlun verksins. Höfundarrétthafinn getur einnig dreift framsali réttinda til fleiri aðila ef um margs konar notkunarform á verkinu er að ræða; forlag vegna útgáfu, kvikmyndafyrirtæki vegna kvikmyndarréttarins, leikhúsforlag vegna sviðsetningar og getur slíkt réttindaframsal staðið samhliða án þess að um innbyrðis samkeppni sé að ræða.

Höfundurinn getur framselt höfundarrétt sinn tímabundið til þriðja aðila, sem hefur þá *afnotarétt* á verkinu til uppfærslu eða aðlögunar á sviði og gildir þá afnotarétturinn frá frumsýningu.

Með framsali höfundarréttar (mikilvægt er að gera skriflegan samning) hefur kaupandinn (forlagið, leikhúsið, framleiðandinn) nýtingarskyldu í ákveðinn tíma frá því höfundurinn afhendir handritið. Höfundurinn hefur sex mánaða uppsagnarfrest á samningunum hafi kaupandinn ekki nýtt sér afnotaréttinn innan þriggja ára eftir afhendingu. (almenn ákvæði höfundarlaga 32.gr.) Kaupandinn getur þó hindrað þetta hafi hann hafið undirbúning notkunar verksins innan uppsagnarfrestsins, þ.e.a.s. hann hafi gert sanngjarnar ráðstafanir til að nýta afnotaréttinn án ónauðsynlegra tafa.

Höfundarréttur erfist samkvæmt almennum ákvæðum erfðalaga. Höfundur getur einnig gert erfðaskrá með bindandi ákvæðum um meðferð verksins allt frá leiðbeiningum um leikstjórn til krafna um sviðsetningu o.p.h..

Höfundarréttur í þremur þáttum

1. þáttur

Leiklist má fremja hvar sem er; á sviði, á netinu, á götunni, í bátum, fangelsi, og það getur birst í öllum mögulegum myndum. En hvernig sem umgjörð, tíma og rými verksins er háttað fylgir því ætíð höfundarréttur.

Leikverk getur falið í sér hugverk margra skapandi listamanna; handrit leikskáldsins, þýðingu þýðandans, tónlist tónskáldsins, sviðsetningu leikstjórans og leikmynd hönnuðarins. Til að nýta leiksýningu að hluta eða í heild verður að leita leyfis og greiða fyrir afnotaréttinn hjá hverjum og einum handhafa höfundarréttar eða umboðsmanns hans. (sjá 3. þátt)

Viðmiðunarreglan er sú að leikrit skal sviðsetja eins og það er samið án viðbóta, breytinga eða umskrifta. Ef óskað er eftir að breyta eða aðlaga leikrit ber ætíð að leita leyfis tímanlega hjá handhöfum höfundaréttarins.



Hinn þröngi stigur höfundarréttarins

Er leikritið varið af höfundarétti?

Höfundarréttarvernd er 70 ár frá andláti höfundarins en eftir það er verndartíminn útrunninn og afnot af verkinu eru frjáls.

NEI = frjáls afnot

JÁ = Hvers konar notkun er háð samþykki höfundarréttshafa eða fulltrúa hans

Notið leikritið einungis samkvæmt fyrirmælum höfundar og eins og samið er um

Birtið ávallt nafn höfundarins

Greiðið þóknun


Höfundarréttur í þremur þáttum - 2. þáttur

Alþingi samþykkir eða breytir » Lögum um höfundarrétt

Leikskáld, leikgerðarhöfundur, þýðandi, tónskáld, leikstjóri o.fl.

Höfundarverk þeirra er varðið af höfundarrétti alla ævi þeirra að viðbættum 70 árum eftir andlát þeirra.

Umboðsmenn höfunda eru þeir sjálfir, forlagskrifstofur, stéttarfélag, umboðsskrifstofur sem miðla þeim til leikhúsanna






sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið sér um

Leikhús/framleiðandi kaup-
ir tímabundinn afnotarétt af
höfundi, forlagi, stéttarfélagi,
umboðsmanni til að svið-
setja verkið.

Listflytjendur eru; leik-
arar, hljóðfæraleikarar,
söngvarar, dansarar o.fl.
Framsetning þeirra er
varin af höfundarrétti
í 50 ár eftir upptöku
(miðast stundum við
útgáfu eða útsendingu)

Fulltrúar listflytjenda
eru umboðsmenn,
stéttarfélög, tónlistar-
forlög, eða réttinda-
skrifstofur.



Höfundarréttur í þremur þáttum

3.þáttur

Á Norðurlöndunum að Íslandi undanskildu hefur um árabíl tíðkast það fyrirkomulag að annar aðili en höfundur sjálfur sjái um miðlun verka hans og samningagerð um afnotarétt fyrir hans hönd. Eflaust er smæð hins íslenska leikhúsmarkaðar með ný leikverk meginástæða þessa en á síðustu misserum hefur þörfin fyrir umboðsaðila á þessu sviði orðið brýn og mikilvægt að koma á slíku kerfi til að tryggja hagsmuni allra höfundarréttihafa í leikhúsinu og rétt þeirra til greiðslna fyrir afnot af verkum þeirra.

Þeir aðilar sem sinna samningagerð fyrir höfunda og höfundaréttihafa í leikhúsi á Íslandi eru eftirtaldir:

Félag leikskálda og handritshöfunda - www.leikskald.is

Fag- og stéttarfélag sem sinnir samningagerð við Þjóðleikhús, Leikfélag Reykjavíkur, Leikfélag Akureyrar, Ríkisútvarpið og kvikmyndaframleiðendur fyrir hönd höfunda. Félagið kemur ekki að samningagerð um einstök verk höfunda en þörfin fyrir ráðgjöf á því sviði hefur aukist á undanfönum árum. Félagið hefur ekki rekið skrifstofu hingað til en notið samstarfs á ýmsum sviðum við Rithöfundasamband Íslands.

Félag leikstjóra á Íslandi - www.leikstjorar.is

Fag- og stéttarfélag sem sinnir samningagerð fyrir hönd leikstjóra við hin stærri leikhús.

Félag íslenskra leikara - www.fil.is

Fag- og stéttarfélag sem sinnir samningagerð fyrir hönd leikara við hin stærri leikhús.

Rithöfundasamband Íslands - www.rsi.is

Samtök er hafa innan sinna vébanda rithöfunda á öllum sviðum. Reka skrifstofu að Dyngjuvegi 8 og veita lögfræðilega ráðgjöf og sinna samningagerð við útgefendur, leikhús(ásamt FLH) Ríkisútvarpið og kvikmyndaframleiðendur.

Nordiska ApS - www.nordiska.dk

Umboðsskrifstofa sem sinnir eingöngu miðlun leikrita og söngleikja á Norðurlöndunum og um heim allan.

Framsal höfundaréttar til annarra

Höfundarnir

Leikskáld
Þýðandi
Tónskáld

Skapa leikverk



Umboðsaðili

Miðlar verkinu til:



Leikhúss sem ræður leikstjóra
sem skapar sýningu sem flutt er
af **túlkandi listamönnum**

Leikurum
Dönsurum
Hljóðfæraleikurum



Sæmdarréttur – droit moral

Samkvæmt hefðinni er gerður greinarmunur á sköpun og flutningi listar, þó mörkin þar á milli séu stundum óljós (enda algengt að leikarar o.fl. listflytjendur taki þátt í að semja verkið/sýninguna) en almennt er miðað við eftirfarandi:

Höfundarréttur: höfundarnir sem skapa bókmenntaverk (skáldsögur) tónverk (nótur) sviðsverk (leikrit). Verkin eru vernduð í 70 ár eftir andlát höfundarins. Þýðandi sem þýðir leikrit nýtur sams konar höfundarréttar yfir þýðingu sinni.

Listflytjendur: leikarar, hljóðfæraleikarar, söngvarar, dansarar sem flytja verkið. Höfundarréttur þeirra á flutningi sínum, telst til *grannréttinda* hins eiginlega höfundarréttar og gildir í 50 ár eftir frumflutning eða upptöku.

Lagalega er réttur höfunda og listflytjenda tryggður með:

- Sæmdarrétti eða droit moral sem er **auðkenningarréttur** höfundarins á verkinu (krafa um að fá nafn sitt birt) ásamt heiðursrétti gagnvart innihaldi verksins til varnar breytingum sem geta verið skemmandi, eða misnotkun í persónulegum, pólitískum, fjárhagslegum, eða markaðslegum tilgangi, sem stríðir gegn markmiðum höfundarins.
- Fjárhagsleg vernd sem tryggir höfundi einkarétt á því að gera verkið opinberlega aðgengilegt gegn greiðslu.

Höfundarréttur höfunda og listflytjenda er **persónuleg réttindi** sem tilheyrir þeim einstaklingi sem hefur skapað verkið eða flutt það.

Nafngreining höfundarréttarhafa vegna sýningar er sérstaklega mikilvæg og taka skal reglur um hvernig birta skuli nöfn höfunda og rétthafa mjög alvarlega, þar sem það eru fyrstu kynni almennings af verkinu í gegnum auglýsingar, veggspjöld, kort, leikskrá o.þ.h.

Auðkenningarrétturinn fellur aldrei úr gildi – nokkrar birtingarmyndir

Óresteia

Eftir **Æskýlos** (525-456 f.Kr.)

Aðlögun eftir **Ted Hughes** (1930-1998)

Verk hins fyrsta höfundar nýtur ekki höfundaréttar (70 ár eftir andlát);
Aðlögun hins síðarnefnda nýtur höfundaréttar í 70 ár eftir andlát hans.

Auðkenningarrétturinn gildir ekki einungis um höfundinn eða tónskáldið að tilteknu verki heldur einnig alla þá sem njóta höfundarréttar á framlagi sínu innan sýningarinnar, framleiðandi, leikmynda- og ljósa-hönnuður, o.m.fl. svo listinn sem birta skal í leikskrá og heimasíðu leikhússins getur orðið býsna langur.

**EDWARD ALBEE'S
*WHO'S AFRAID OF VIRGINIA WOOLF?***

Hér er skilyrt að nafn höfundarins birtist ávallt á þennan hátt hvar sem titill verksins er birtur, enda getur höfundur krafist þess í minnstu smáatriðum hvernig nafn hans er birt. Hér er krafan sú að nafn höfundarins birtist alltaf á undan titlinum, í sérstakri línu, með sama lettri, sömu leturstærð og í sama lit. Krafan þarf ekki að stafa af hégóma höfundarins heldur getur hún tengst samningsbundnum réttindum vegna kvikmyndar eða bókarútgáfu.

***Joseph and the Amazing Technicolor® Dreamcoat*
Music by Andrew Lloyd Webber
Lyrics by Tim Rice**

TM© 1991 The Really Useful Group Limited

®Technicolor is the registered trademark of the Technicolor group of companies

Titillinn ásamt höfundum er birtur ásamt nafni framleiðslufyrirtækis höfundanna The Really Useful Group Limited, sem er svokallað óskráð vörumerki TM(TradeMark). Technicolor® (registered) er verndað sem skráð vörumerki og höfundar söngleiksins hafa fengið sérstakt leyfi frá rétthöfum til að nota orðið í titli verksins.

Höfundarheiður

Sæmdarrétturinn er lagaleg trygging þess að hið hlutlæga form verks haldist óbreytt frá hendi höfundarins en **tryggir ekki hugmyndina eða hugsunina sem að baki býr**. Það er því ekki hægt að krefjast einkaréttar á því að flytja verk um tiltekið þema eða efni en hægt er að sporna við því að aðrir hermi eftir hlutlægu formi verks höfundar í sinni eigin meðhöndlun.

Reglan er sú að höfundaréttur gildir í 70 ár eftir andlát höfundarins þ.e. lífaldur höfundar að viðbættum 70 árum. Verkið getur því verið umtalsvert eldra en höfundurinn sjálfur og mörg verk njóta verndar í meira en 100 ár. Þegar verndartíminn er útrunninn (miðast við upphaf andlátsárs höfundarins; ef höfundar eru fleiri en einn miðast verndin við andlátsár þess er síðast andast) flyst verkið yfir í *public domain* og verður almannaeign, notkun þess er þá frjáls og ekki þarf lengur að sækja um flutningsrétt eða greiða fyrir flutninginn.

Þó verk sé komið í almannaeign fellur nafngreiningarrétturinn aldrei úr gildi þar sem faðerni verksins rennur aldrei út.

Sæmdarréttur höfundar gagnvart handriti og listrænar og tæknilegar þarfir leikhússins við uppsetningu þess geta valdið því að báðir aðilar verða að feta jafnvægisgang ef sýn þeirra er ólík á uppsetningu verksins.

Í Þýskalandi og fleiri löndum þar sem þróast hefur hið svokallaða Leikstjóraleyfing er litið á leikritið sem hráefni þar sem leikstjóranum leyfist fullkomið listrænt frelsi til að móta verkið að vild í sýningu.

Að mati sumra er það einungis höfundurinn sem hefur fullt listræna frelsi gagnvart verkinu en aðrir álíta að hlutverk leikstjórans sem skapandi listflytjanda sé að gæða verkið lífi.

Hin gamalkunna mynd af ungum reynslulausum höfundi gagnvart langreyndu stofnanaleikhúsi er ekki eina ástæða þess að leikhúsið og höfundurinn ættu að ræða til hlítar hugmyndir um túlkun og framsetningu verksins, ella getur áhorfendasamsetning leikhússins, menningarleg staða þess, málfar verksins og aðlögun þess fyrir uppsetninguna, orðið tilefni ágreinings.

Höfundurinn sjálfur getur haft dýpri skilning á þörfum og óskum leikhússins en erfingjar hans og fulltrúar þeirra, sérstaklega ef höfundurinn hefur ekki skilið eftir sig leiðbeiningar um nánari meðhöndlun verksins. Það tíðkast gjarnan að höfundar gera breytingar á verki sínu frá einni uppfærslu til annarrar, þannig að fleiri en ein gerð verksins geta verið í umferð á sama tíma og þá er mikilvægt að vita hvað leyfist að nota til að gæta þess trúnaðar sem í sýningarrétti er fólgin.

Lagalega hefur höfundurinn ýmis réttindi bæði innan höfundarréttar og ekki síður samningsréttar til að skrá nákvæmlega kröfur sínar og skilyrði fyrir notkun verksins. Hér getur verið um að ræða skilyrði sem tiltaka einungis rétt til sviðsetningar verksins en ekki kvikmyndun þess, útgáfu eða útvarpsgerð, en einnig er hægt að tiltaka nánari skilyrði um verndun innihalds verksins og sviðsetningu þess í þeim samningi sem höfundur gerir hverju sinni við leikhús um afnot af verkinu.

Nokkur dæmi um hvernig höfundur getur tryggt réttindi sín gagnvart notkun verksins eru sýnd á bls. 22 og veita hugmynd um mikilvægi nákvæms orðalags til að tilgreina markmið og ætlun höfundar. Slíkar lögformlega ráðstafanir geta átt sér ýmsar ástæður fyrir höfundinn, persónulegar, listrænar í þeim skilningi að viðhalda þeirri sýn á samtíma höfundar sem birtist í verkinu. Sumir höfundar vilja með þessu vernda sérstaka sýn sína fyrir seinni tíma, enda meðvitaðir um að þjóðfélagsþróunin felur í sér breytta túlkun samfélagseinkenna í tjáningu og framsetningu.

Verndun verksins

Fyrsta dæmið um mögulega verndarklausu í samningi um afnot af leikriti er orðalag sem bannar **verulegar breytingar**, sem er háð huglægu mati og getur tekið breytingum vegna mismunandi dramatúrgískrar nálgunar við textann og þannig valdið annarri túlkun á verkinu en var markmið höfundarins:

- Leikhúsið má ekki án leyfis höfundar gera verulegar breytingar á leikritinu né í uppsetningu þess setja inn viðbætur, aðlaganir eða breyta texta, tónlist, atriðaröð með slíkum hætti að breyti innra markmiði þess. Leikhúsið má heldur ekki brengla, stytta eða með öðrum hætti verða ætlan höfundarins með verkinu til vansa.

Augljóslega er hægt að véfengja merkingu orðalagsins *innra markmið* eða til vansa *fyrir ætlan höfundar*.

Annað tilbrigði við orðalagið verulegar breytingar getur falist í enn frekari takmörkun s.s. **hvers konar breytingar** sem leikskáldið **Samuel Beckett** (1906-89) hefur í erfðaskrá sinni tiltekið sem skilyrði fyrir uppsetningum leikrita sinna og er mjög takmarkandi en veitir skýra hugmynd um ætlan höfundarins. Þetta orðalag felur þó í sér viðurkenningu höfundarins á nauðsyn þess að gera minniháttar orðalagsbreytingar/aðlögun í þýðingum verksins þó virða skuli í hvívetna skilyrði höfundar um hlutverkaskipan eftir kyni, aldri og fjölda þátttakenda ásamt atriðaröð.

Þá getur höfundurinn verndað verk sitt með því að orða klausuna um vernd verksins á eftirfarandi hátt:

- Höfundurinn setur eftirfarandi skilyrði um sviðsetningu verksins: Leikhúsið heitir því að sviðsetja verkið trútt höfundi og í anda hans ásamt því að fylgja þeim listrænu viðmiðum sem höfundur hefur sett sér. Ennfremur er leikhúsið skyldugt að tilkynna höfundi allar breytingar, viðbætur eða úrfellingar sem á verkinu kunna að verða og geta hugsanlega vikið frá upprunalegri ætlan hans þ.m.t. í þýðingu, viðbótum eða breytingum á innihaldi, frásögn eða þema verksins, tíma þess og staðsetningu, sem nauðsynlegar geta talist svo leikhúsið geti sviðsett verkið.

Þegar um þýðingar á önnur tungumál er að ræða gæti orðalag samnings verið á þennan veg:

- Þýðing af leikritinu ásamt ferilskrá þýðandans skal vera í höndum höfundarins minnst tíu (10) vikum áður en æfingar hefjast til samþykkis fyrir sérhverja uppfærslu. Þýðingin skal ávallt vera úr frummálinu.

Yfirlýsingar á borð við „Byggt á“ eða „Innblásið af“ sem stundum sjást birtar jafnvel af viðurkenndum höfundum, má eingöngu birta hafi höfundur upprunalega verksins veitt leyfi fyrir slíku svo fremi sem verkið nýtur höfundarverndar.

Möguleikarnir fyrir hvern höfund að tiltaka óskir sínar eru fjölmargir en mótrökin sem leikarinn **Denis Podalydés** hefur sett fram eru það einnig:

Leiklist er samningur. Við sjáum aldrei hafið sjálft, aldrei himininn, aldrei fyrirbærin sjálf. Allt er táknað. Gamall maður getur leikið dreng, kona leikið karl, karl leikið konu, hvítur leikið svartan, það fer eftir aðstæðunum. Það er ekki vegna þess að það sé betra. Ekki vegna þess að það sé fállegra eða heilbrigð skynsemi. Það er mikilvægt að undirstrika að það er hægt að nýta sér þetta séreinkenni leiklistarinnar, sem veitir því frelsi; tákna eitthvað með einhverju öðru. Það er einkennandi að því breiðara sem verkið er, alþjóðlegt, sígilt, tímal-aust, því meira leyfir það að þessi möguleiki sé nýttur, vegna þess að hann er undirstaða leiklistarinnar, innbyggður í tilveru hennar. Hver ætlar t.d. að krefjast þess að Hamlet sé alltaf leikinn af Dana?



Fjárhagslegur réttur

Greiðsla leikhússins til höfundarins fyrir sýningarrétt eru tekjur hans, en felst oft í fyrirframgreiðslu þar sem tekjurnar hafa ekki myndast þegar verkið er skrifað (Verk eftir pöntun undanskilin) heldur þegar sýningar hefjast sem getur verið langt undan.

Fjárhagslegur réttur höfundarins veitir honum **einkarétt** til að bjóða verkið fram og gera það aðgengilegt **með opinberri sýningu**.

Einkarétturinn er bundinn persónu höfundarins, sem felur í sér að enginn annar má nýta verkið án leyfis, annars er höfundarrétturinn brotinn.

Á Norðurlöndunum öllum eru í gildi fastir samningar sem ákvarða greiðslur fyrir afnot af leikritum, tónverkum, söngtextum, þýðingum, aðlögunum, og eru upphæðirnar ákvarðaðar í samningum milli forlaga, félaga, félagasamtaka, og leikhúsa ásamt fjármálaráðuneyti (á ekki alls staðar við).

Fyrir sýningarréttinn greiðist annað hvort **föst upphæð**, eða **höfundarlaun** sem hlutfall af miðasölu (*royalty*. Einnig þekkt sem *tantieme*). **Royalty**, sem rekur uppruna sinn til franska leiklistarlaga frá árinu 1791, getur verið mismunandi upphæð, og fer eftir því hvort um er að ræða leikrit eða leikverk með tónlist, hvort verkið er skrifað til uppsetningar í heimalandi höfundar, er norrænt eða annars staðar frá í veröldinni. Royalty er ákveðið í áður nefndum föstum samningum, greiðist af leikhúsi til höfundarrétthafa og er hlutfallsprósenta tekna af miðasölu á uppfærslu verks.

Þar sem tekjur af miðasölu er fyrst ljósar eftir að sýningar hefjast greiðir leikhúsið höfundinum fyrirframgreiðslu. Umsamin lágmarksupphæð fyrir hverja sýningu getur einnig tryggt höfundi tekjur án tillits til hlutfallsprósentu.

Einkaréttur: Einkaréttur höfundarins snýst um réttinn til að birta verk-ið og gera það aðgengilegt opinberlega. Einkarétturinn er bundinn persónu höfundarins og veitir lögformlega vernd gegn eftirlíkingum og rit-stuldi.

Birtingarhugtakið: Einkaréttur höfundarins til að birta verk sitt opin-berlega er grundvallaratriði þar sem það er þannig sem verkið verður þekkt í vitund almennings. Hugtakið birting er reyndar óskýrt að sumu leyti þar sem ekki er alltaf ljóst hvenær verk telst opinberlega birt eða ekki.



Royalty: Prósentuhlutfall af miðasölu. Merkir upphaflega greiðslu fyrir konunglegt einkaleyfi til nýtingar námuréttinda.

Art-money: Greiðsluform sem á upphaf sitt í Danmörku sem nokkur grasrótarleikhús nýta sér og felst í eins konar alþjóðlegum ávísunum (úttektarseðlum) fyrir höfunda og listflytjendur.

Rauð ljós - refsingar

Módernistarnir álitu að það væri betra að stela beint úr texta annarra en nýta sér hann til innblásturs; **Voltaire** áleit ritstuld frá erlendum höfundum hreinlega landnám í andlegum skilningi, en ritstuldur frá samlanda væri einfaldlega þjófnaður.

Þrátt fyrir alvöru málsins gerist það tiltölulega sjaldan að dómstólar stigi fram á sviðið en það er full ástæða til að hafa skilning á réttu hugtökunum í þessu efni þar sem margir rugla saman hugtakinu *höfundarréttarbrot* og *þjófnaði*.

Þjófnaður samkvæmt lögfræðinni telst vera þegar einhver tekur hlut í eigu annars manns án hans samþykkis.

Fullyrðingar á borð við „*að sniðganga afritunarbann á mynddiskum jafngildir þjófnaði*” og „*ólöglegt niðurhal tónlistar er þjófnaður*” gefa í raun brenglaða hugmynd um grundvallarhugsun höfundarréttarins sem felst í því að persónuleg tengsl höfundarins við verk sitt verða fyrir áfalli við óleyfilega notkun. Þó fyrr á tímum hafi þessu verið líkt við rán á hugarfóstri (barnsrán) eru hugtökin tvö mjög ólík og brot á höfundarétti jafnast ekki á við brot á refsilöggjöfinni (þjófnaði efnislegra hluta).

Höfundur getur krafist lögbanns á notkun verks ef honum finnst á sér brotið, t.d. með því að stöðva sýningar, hafi leikhúsið ekki leitað eftir eða fengið leyfi til sýninga, eða brýtur skilyrði samnings um sýningarrétt.


Brot á höfundarrétti geta varðað sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum (2.mgr. 54 gr höfl) auk greiðslu skaða- og miskabóta til höfundarins.



Sögulegt dæmi frá 1692 um refsingu vegna brots á höfundarrétti:

Þar sem Edward White og Abel Jeffes hafa báðir brotið gegn höfundarrétti: Edward White með því að hafa prentað Spænska harmleikinn sem er eign Abell Jeffes og Abel Jeffes með því að hafa prentað harmleikinn Arden frá Kent sem er eign Edwards Whites er það niðurstaðan að öll eintök af báðum útgáfum verði gerð upptæk og þeim eytt í samræmi við gildandi reglur... Þar sem þeir hafa hvor um sig brotið reglurnar með útgáfu á umræddu upplagi.

Refsiramminn vegna brota á höfundarrétti samkvæmt íslenskum lögum:



Höfundarrétthafi getur höfðað mál vegna brots á höfundarrétti og krafist:

Sanngjarnrar greiðslu
Samsvarandi greiðslu fyrir afnotin.

Skaðabóta
Vegna taps af völdum skaðans.

Bóta vegna ófjárhagslegs tjóns
Til dæmis vegna brots á sæmdarrétti

Innköllunar, eyðingar og/eða afhendingar
af særandi vörum eða framleiðslu.

Opinberrar birtingar
Dóms yfir stefnda

Lögbanns
á óleyfilega sýningu

Öll höfundarréttarbrot varða auk þessa:
sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum.

Tilvitnunarréttur

Ákvæði norrænna höfundalaga um tilvitnunarrétt án þess að leita þurfi leyfis höfundar eða greiða fyrir eru svipuð og samkvæmt íslensku höfundalögunum segir í 14. grein að: *heimil sé tilvitnun í birt bókmennta- verk, þar á meðal leiksviðsverk, svo og birt kvikmyndaverk og tónverk, ef hún er gerð í sambandi við gagrúni, vísindi, almenna kynningu eða í öðrum viðurkenndum tilgangi, enda sé hún gerð innan hæfilegra marka og rétt með efni farið.*

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til höfundalaga segir ennfremur: *Ávallt er það þó skilyrði að tilvitnun sé ekki að ráði viðtækari en hæfa þykir eftir tilganginum.*

Einnig: *að tilvitnun verður vera gerð á tilhlýðlegan hátt og í samræmi við góðar venjur á sviði höfundarréttar.*

Þetta má eflaust skilja á ýmsa vegu enda misjafnt hvaða skilning menn leggja í orðalagið *tilhlýðlegan hátt og í samræmi við góðar venjur* og matsatriði hversu viðtæk tilvitnun þarf að vera til að hæfa tilganginum.

Ekki liggja fyrir neinar töflur er tilgreina hversu mörg prósent af höfundarvarðri grein, leikriti eða sönglagi má nýta; það skal einungis vera *“innan hæfilegra marka og rétt með efni farið”*. Meginreglan ætti því ávallt að vera sú að fá leyfi hjá höfundi en ef treyst er alfarið á 14. grein höfundalaganna ætti undantekningarlaust að merkja tilvitnunina svo greinilega sé um minniháttar tilvitnun að ræða með tilvísun í uppruna og höfund.

Birting tilvitnana úr leiktexta vegna kynninga á leikverki á heimasíðu leikhúss, í leikskrá og í einhverjum tilfellum í fræðslutilgangi skyldi ávallt gera með varúð þar sem ekki er alltaf ljóst hvar mörkin liggja samkvæmt 14. greininni. Þá er rétt að hafa í huga að reglur um hversu viðtækur tilvitnunarrétturinn er, eru mismunandi eftir löndum, sérstaklega er munur á milli Bretlands og Bandaríkjanna hvað þetta varðar, og gefur það enn ríkari ástæðu en ella til að fara varlega svo ekki sé brotið á höfundarrétti.

Lögvernd titla samkvæmt 51. grein höfundalaganna

Nú hefur höfundur notað sérstakan titil, gervinafn eða merki á birtu verki, og er öðrum þá óheimilt að birta verk með sams konar auðkenni eða svo áþekku, að líklegt sé, að villst verði á verkunum eða höfundum þeirra.

Viðtekna venjur í leikhúsinu

Almennt leyfist leikhúsum að framleiða stutt innslæg fyrir útvarp og sjónvarp til **kynningar** sýningum sínum, að því tilskyldu að lengd þeirra sé innan við 3 mínútur og að útsendingin skapi leikhúsinu ekki sérstakar tekjur. Hið sama á við um auglýsingar á heimasíðu leikhússins.

Er leyfilegt að vitna í **óverndað leikrit** og nýta það í sýningu á **vernduðu leikverki**?

Það er alltaf leyfilegt að vitna í óverndað verk en það er höfundarins að ákveða hvernig tilvitnunin er sett inn í hitt verndaða verkið.

Er leyfilegt að vitna í **verndað verk** og birta tilvitnunina í sýningu á öðru **vernduðu verki**?

Þó það sé sannarlega mögulegt að bera fyrir sig tilvitnunarréttinum við notkun á tilvitnun sýnir sagan að vissara er að leita leyfis hjá höfundi þó tilvitnunin sé mjög stutt. Auk þess eru allar viðbætur í leikverk háðar samþykki höfundarins annars er hætta á að það sé álitid óleyfileg viðbót við verk hans.

Titlar og undirtitlar geta verið skráð vörumerki og njóta þá verndar og er ráðlegt að kanna ávallt hvort svo sé.

Eitt dæmi er barnabókin *Gúmmi-Tarzan* eftir Ole Lund Kierkegaard (1940-79) en Walt Disney samsteypan á einkarétt á notkun titilsins Tarzan (eftir Edgar Rice Burroughs 1875-1950). Titillinn er bundinn ströngum afnotarétti og verða framtíðarútgáfur fyrirnefndrar barnabókar að birta Tarzan með litlu „t“.



Höfundarréttur og Copyright

Flestir álíta hið bandaríska copyright merki © fela í sér sams konar rétt og skilgreiningin að baki evrópskum höfundarrétti. Svo er þó ekki því sögulega og réttarheimspekilega er greinarmunur á bandarískum höfundarrétti (copyright) og þeim sem byggir á þýskum, frönskum og norrænum réttarvenjum.

Copyright (*Copy* fyrir handrit, *right* fyrir prentrétt) rekur upphaf sitt til Englands þegar bóksalar stofnuðu samtökin *The Stationers' Company* árið 1557, sem hlaut einkaleyfi konungs til útgáfu á bókum. Jafn furðulegt og það er urðu höfundarnir sjálfir að snúa sér að samtökunum til að fá bækur sínar útgefnar enda höfðu þau opinbert einkaleyfi. Með tímanum komst á sú undantekning að höfundar mátti gefa út verk sín sjálfir en þó aðeins með því að greiða samtökunum fyrir útgáfuréttinn.

Þrátt fyrir umtalsverðan menningarlegan mun á höfundarétti og copyright varð staðfesting Bandaríkjanna árið 1989 á hinum alþjóðlega Bernarsáttmála frá 1886 (Bretland staðfesti sáttmálann 1887 ásamt fleiri upprunalöndum) til þess að á heimsvísu ríkir sameiginlegur skilningur á grundvallaratriðum einka- og fjárhagsréttar höfundarréttar á listrænum verkum.

Í Bandaríkjunum er enn í gildi skráningarkerfi á höfundarétti, www.copyright.gov þar sem skylt er að birta © merkið.

Copyleft, sem er leikur með orðið copyright á ensku og er táknað með © (upprunnið í Bandaríkjunum innan hugbúnaðargeirans fyrir svokölluð frjáls leyfi á hugbúnaði og opinni notkun á höfundarréttarvörðu efni) er ekki eins og margir telja, hreyfing gegn höfundarrétti, heldur hreyfing sem gengur undir nafninu **Creative Commons** og leitast við að þróa umhverfi þar sem notkun, breytingar og samnýting á höfundarvörðu efni verði ókeypis en löglega aðgengileg með fullu samþykki höfundarins.

Copyright

Versus

Höfundarréttur

Höfundarréttur verksins hefst við skráningu þess hjá viðeigandi yfirvöldum.

Höfundarréttur hefst við tilurð verksins án formlegrar skráningar.

Verndin er til mismunandi langs tíma.

Verndin stendur frá sköpun verksins og í allt að 70 ár frá andláti höfundarins.

Verndar réttindi útgefanda betur en höfundarins.

Verndar persónuleg réttindi höfundarins þó útgefandi sjái um þau fyrir hans hönd.

*Only one thing is impossible for God: to find any sense in any copyright law on the planet. **Mark Twain** (1935-1910).*

*Copyright law has got to give up its obsession with 'the copy.' The law should not regulate 'copies' or 'modern reproductions' on their own. It should instead regulate uses - like public distributions of copies of copyrighted work - that connect directly to the economic incentive copyright law was intended to foster. **Lawrence Lessig** (f. 1961) amerikansk professor i jura.*

*Ég hef miklar efasemdir um þann skilning sem verður æ algengari, að höfundarréttur snúist eingöngu um fjárhagsleg réttindi. Það er reginmunur á höfundarrétti sem snýst um verndun hinnar listrænu sköpunar og á copyright, sem snýst um verndun fjárhagsmuna sem af verkinu skapast. **John Frandsen**, tónskáld*

Orðskýringar

Samkomulag/samningur: Munnlegt samkomulag er jafn bindandi og skriflegt en þó skyldi ávallt gera það skriflega til að skrá niður öll skilyrði og afleiðingar, einnig á milli vina sem skapa verk sameiginlega.

Vinnuveitendaregla: Þegar vinnuveitandinn fer með öll réttindi að hugverkum starfsmanns. Þetta er ekki bundið í lög en getur virkjust við ráðningarsaming við höfund eða listflytjanda, útgefanda eða framleiðanda; þessu er hægt að snúa við með því að festa í ráðningarsamningi hvernig fara skuli með höfundarréttindi.

Lógó: vörumerki sem er verndað; getur verið tákn fyrir titil eða leikverk t.d. ljósmynd eða teikningu, stafi og hljóð.

Söluvarningur: Árið 1903 sótti breski barnabókahöfundurinn og teiknarinn Beatrix Potter (1866-1943) um einkaleyfi á útleti sögupersónu sinnar Pétur kanínu. Hún hannaði brúðu og varð þannig einn fyrsti framleiðandi söluvarnings sprottnum af hugverki. Söluvarningur eftir hugverki krefst sérstaks leyfis frá höfundarréttihöfum að hugverkinu.

Forkaupsréttur (option): Leikhús getur tryggt sér forkaupsrétt með sérstökum samningi, sem tryggir sýningarrétt í ákveðinn tíma. Forkaupsréttur gildir í einn mánuð í senn en er hægt að framlengja. Forkaupsréttur er hugsaður sem umhugsunarfrestur fyrir leikhús til að ákveða hvort kaupa skuli sýningarrétt fullu verði og geta önnur leikhús ekki keypt sýningarréttinn meðan forkaupsrétturinn er í gildi.

Tantieme: (úr frönsku og merkir „mismunandi mikið“) Hlutfall af miðasölu sem hugtakið royalty (bls.24) nær einnig yfir.

Verk: Í merkingunni vinna sem skilar sér í handriti, nótnahefti, leikmynd sem í höfundarréttarlegum skilningi þarf hvorki að vera lista-eða meistaraverk, en er einstaklingsbundin túlkun, og er skapandi framlag höfundarins. Lagalegt „gildi“ vinnunnar er metið útfrá „innra virði“ verksins (bls.15).

Gagnlegir tenglar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið - www.mnr.stjr.is

Innheimtumiðstöð gjalda - www.ihm.is

Félag leikskálda og handritshöfunda - www.leikskald.is

Rithöfundasamband Íslands - www.rsi.is

Félag íslenskra leikara - www.fil.is

Félag leikstjóra á Íslandi - www.leikstjorar.is

Bandalag íslenskra listamanna - www.bil.is

Bandalag íslenska leikfélaga - www.leiklist.is

Nordiska ApS, teaterforlag - www.nordiska.dk

Dansk Teaterforlag - www.danteater.dk

Forlaget Drama ApS - www.dramashop.is

Nordisk Dramatiker Union - www.nordictheatreguild.com

Nordisk Copyright Bureau - www.ncb.dk

Lesefni um höfundarrétt

Höfundalög 1972, nr.73 29. maí. www.althingi.is

Höfundaréttur. Meginreglur íslensks réttar um höfundavernd. Páll Sigurðsson. Háskólaútgáfan 1994

Ophavsret for begyndere - Morten Rosenmeier, JØF

Bæklingurinn er unninn af Teaterforlaget Nordiska í samráði við Danska leikskáldafélagið og umboðsskrifstofu þess með fjárhagslegum stuðningi frá:

www.nordiskkulturfond.org Styður menningarsamstarf á breiðum grundvelli milli hinna norrænu landa.

www.bikubenfonden.dk Styður við danskt lista- og menningarlíf og félagsleg verkefni með almannahag og góðgerðastarf að markmiði.

Allir sem starfa að leiklist, ættu að vera handgengnir helstu reglum um höfundarrétt sem eru í gildi bæði innan sviðslistanna og utan þeirra.

- Það gildir jafnt um atvinnumenn sem áhugafólk í leiklist:
- Leikara, leikhússtjóra, framleiðendur, leikskáld, rithöfunda, texta- höfunda, tónskáld, útsetjara, þýðendur, dramatúrga, leikstjóra, leik- myndahönnuði, danshöfunda, fjöllistamenn, sögumenn, hljóðfæra- leikara, myndlistarmenn, ljósa- og hljóðhönnuði, búningahönnuði, hönnuði, áhorfendur, auglýsendur.
- Hvort sem verkið er gamanleikrit, stofudrama, farsí, gleðileikur, látbragðsleikur, söngleikur, kabarett, barleikhús, leikhústónleikar, brúðuleikur, skuggaleikhús, grímuleikur, gjörmingur, sirkus, ópera, óperetta, ballett, dans, revía, hljóðvarps- eða sjónvarpsleikrit, eða stafrænn tölvuleikur á leiksviði.
- Er sjúnt í stofnanaleikhúsi, skóla, leikfimisal, á útileiksviði, af ferða- leikhúsi, í barna-og unglingaleikhúsi, götuleikhúsi, leiksmiðju eða er hljóðhreyfiverk á netinu eða útvarpsleikrit.
- Án tillits til þess hvort handritið, textinn eða nóturnar eru byggð- ar á raunveruleikanum eða ekki, hvort það er byggt á skáldsögu, smásögu, laglínu, sönglagi, teikningu, myndaröð eða kvikmynd og fært í sviðsbúning.

Höfundarréttur á alls staðar við.

Höfundarréttur er ekki einungis vernd fjárhagslegra réttinda. Lögin vernda fyrst og fremst leiklistina á því augnabliki sem hún verður til í efnislegu sem huglægu formi, til fullnægju og framfærslu höfunda og listflytjenda um allan hnöttinn. Höfundarrétturinn verndar verk höf- undanna fyrir misnotkun annarra í persónulegum, pólitískum eða fjár- hagslegum tilgangi

Við þurfum á listamönnum að halda. Framlag þeirra til samfélagsins er mikilvægt og við verðum að skapa þeim nauðsynleg starfsskilyrði þó þeir vinni á annan hátt en við hin.

Niels Matthiasen (1924-80), menningarmálaráðherra Danmerkur

Þakkir til Norræna menningarsjóðsins og Bikubensjóðsins fyrir ómissandi stuðning við þessa útgáfu.

Bæklingurinn er á netinu:

www.leikskald.is og á öllum Norðurlandamálum hjá www.nordiska.dk.

Hafa samband: leikskald@leikskald.is og pm@nordiska.dk